

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 341/2006

2008/EES/73/36

frá 24. febrúar 2006

um samþykkt forskrifta að sérstakri einingu um vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvandamál fyrir árið 2007 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 384/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 384/2005 frá 7. mars 2005 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2007 til 2009 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾ felur í sér sérstaka einingu um vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvandamál.

2) Í ályktun ráðsins nr. 2002/C 161/01 frá 3. júní 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað (2002/2006) ⁽³⁾ er þess farið á leit við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau hraði vinnu við samræmingu hagskýrsla um vinnuslys og atvinnusjúkdóma til þess að hafa samanburðarhæf gögn fyrir hlutlægt mat á áhrifum og skilvirkni ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt nýju áætluninni.

3) Í tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustaðum ⁽⁴⁾ kemur fram að vinnuveitendur verða að halda skrá yfir vinnuslys sem leiða til þess að starfsmaður er óvinnufær í meira en þrjá

vinnudaga og verða að semja skýrslur um vinnuslys starfsmanna sinna í samræmi við innlend lög og/eða venjur. Í tilmælum sínum 2003/670/EB frá 19. september 2003 varðandi evrópska skrá yfir atvinnusjúkdóma ⁽⁵⁾ lagði framkvæmdastjórnin til að aðildarríkin skuli sjá til þess að öll tilvik um atvinnusjúkdóma séu skráð og skuli smám saman gera hagskýrslur um atvinnusjúkdóma þannig úr garði að þær samrýmist evrópsku skránni í samræmi við þá vinnu sem unnin er í kerfinu um samræmingu evrópskra hagskýrsla um atvinnusjúkdóma. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. mars 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað 2002-2006 ⁽⁶⁾ er lögð áhersla á að tölfræðilegar upplýsingar skuli ekki einungis taka til viðurkenndra vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, orsakir þeirra og afleiðingar heldur skuli einnig taka upp mælingar til að afla upplýsinga í tengslum við þætti í vinnuumhverfi sem eru líklegir til að valda slysum og sjúkdómum. Einnig skulu tölfræðilegar upplýsingar um nýtilkomin fyrirbæri, s.s. kvartanir tengdar streitu og vandamálum í vöðva- og beinakerfi vera tiltækar.

4) Einnig er nauðsynlegt að uppfæra forskriftir úrtaksins, sem tilgreindar eru í 1. þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 384/2005, til þess að tryggja að úrtakið sem liggur fyrir til greiningar í sérstöku einingunni gefi eins góðar upplýsingar og frekast er unnt.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 25.2.2006, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 19.10.2006, bls. 31.

(1) Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 (Stjtið. 336 L 336, 23.12.2003, bls. 6).

(2) Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23.

(3) Stjtið. EB C 161, 5.7.2002, bls. 1.

(4) Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(5) Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 28.

(6) COM (2002) 118, endanleg útgáfa frá 11. mars 2002.

(*) Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 28.

2. gr.

Í 1. þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 384/2005 komi eftirfarandi í stað liðarins „Úrtak“:

„*Úrtak*: Aldursmarkhópurinn í úrtakinu fyrir þessa einingu nær til einstaklinga 15 ára eða eldri.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VINNUMARKAÐSKÖNNUN

Forskrift að sérstakri einingu um vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvandamál fyrir árið 2007

1. Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: öll.
2. Breyturnar skal kóða með eftirfarandi hætti:

Númer breytnanna í vinnumarkaðskönnuninni í dálkinum „Stur“ vísa til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005 ⁽¹⁾.

Dálkur	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
VINNUSLYS EINSTAKLINGA SEM HAFA UNNID UNDAFARNA TÓLF MÁNUÐI			
209		<i>Áverkar af völdum slysa, þó ekki veikindi, sem einstaklingur fékk síðustu tólf mánuði á vinnustað eða við vinnu</i>	(Dálkur 24 = 1, 2) eða (dálkur 84 = 1 og dálkur 85/88 og dálkur 89/90 er ekki meira en einu ári áður en viðtalið fer fram)
	0	Engir	
	1	Einn	
	2	Tveir eða fleiri	
	9	Á ekki við (dálkur 24 = 3-9 og (dálkur 84 = 1 eða (dálkur 85/88 og dálkur 89/90 er meira en ári áður en dagsetning viðtalsins eða er óútfyllt)))	
óútfyllt	Ekkert svar		
210		<i>Eðli síðasta áverka af völdum slyss á vinnustað eða við vinnu</i>	Dálkur 209 = 1-2
	1	Umferðarslys	
	2	Slys, önnur en umferðarslys	
	9	Á ekki við (dálkur 209 = 0, 9, óútfyllt)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
211/212		<i>Dagur þegar einstaklingur gat hafid vinnu á ný eftir síðasta slys</i>	Dálkur 209 = 1-2
	00	Enn frá vinnu því hann hefur enn ekki jafnað sig eftir slysið en gerir ráð fyrir að snúa aftur til vinnu síðar	
	01	Gerir ekki ráð fyrir að snúa aftur til vinnu vegna slyssins	
	02	Ekkert frí eða byrjaði að vinna á ný sama dag og slysið varð	
	03	Daginn eftir slysið	
	04	Milli annars og fjórða dags eftir slysið	
	05	Fimmta dag eða síðar, þó innan tveggja vikna frá slysinu	
	06	Eftir tvær vikur eða síðar, þó innan mánaðar frá slysinu	
	07	Eftir mánuð eða síðar en þó innan þriggja mánaða frá slysinu	
	08	Frá þremur mánuðum eða síðar en þó innan sex mánaða frá slysinu	
	09	Frá sex mánuðum eða síðar en þó innan níu mánaða frá slysinu	
	10	Níu mánuðum eftir slysið eða síðar	
99	Á ekki við (dálkur 209 = 0, 9 eða óútfyllt)		
óútfyllt	Ekkert svar		

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 36.

Dálkur	Kóði	Lýsing	Sia/athugasemdir
213		<i>Starf sem unnið var þegar síðasta slys átti sér stað (kóða fyrst það sem við á)</i>	Dálkur 209 = 1-2
	1	Aðalstarf (fyrsta)	
	2	Annað starf (núverandi)	
	3	Síðasta starf (einstaklingur er ekki í vinnu)	
	4	Starf fyrir ári	
	5	Önnur störf	
	9	Á ekki við (dálkur 209 = 0, 9, óútfyllt)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
VINNUTENGD HEILSUFARSVANDAMÁL Á SÍÐASTLIÐNUM 12 MÁNUÐUM (að undanskildum áverkum vegna slysa)			
214		<i>Sjúkdómur(ar), fötlun eða önnur líkamleg eða andleg heilsufarsvandamál, að frátöldum áverkum af völdum slysa, sem einstaklingur varð fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum (frá viðtalsdegi) og sem orsökuðust eða versnuðu vegna vinnu.</i>	(Dálkur 24 = 1, 2 eða dálkur 84 = 1)
	0	Engin vandamál	
	1	Eitt	
	2	Tvö eða fleiri	
	9	Á ekki við (dálkur 24 = 3-9 og dálkur 84 ≠ 1)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
215/216		<i>Eðli alvarlegustu meinsemdarinnar sem orsakaðist af eða versnaði við vinnu</i>	Dálkur. 214 = 1-2
	00	Vandamál sem tengjast beinum, liðum eða vöðvum og hafa einkum áhrif á háls, axlir, handleggj eða hendur	
	01	Vandamál sem tengjast beinum, liðum eða vöðvum og hafa einkum áhrif á mjaðmir, fótleggj eða fætur	
	02	Vandamál sem tengjast beinum, liðum eða vöðvum og hafa einkum áhrif á bak	
	03	Öndunar- eða lungnavandamál	
	04	Húðvandamál	
	05	Vandamál sem tengjast heyrn	
	06	Streita, þunglyndi eða kvíði	
	07	Höfuðverkur og/eða augnþreyta	
	08	Hjartasjúkdómar eða hjartaáföll eða aðrir blóðrásakvillar	
	09	Smitsjúkdómar (veiru- eða bakteríusýkingar eða aðrar sýkingar)	
	10	Aðrar kvartanir	
	99	Á ekki við (dálkur 214 = 0, 9, óútfyllt)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
217		<i>Skerti alvarlegasta meinsemdin, sem orsakaðist af eða versnaði við vinnu, möguleika einstaklingsins á að sinna venjulegum, daglegum störfum, í vinnu eða utan hennar</i>	Dálkur 214 = 1-2
	0	Nei	
	1	Já, að vissu leyti	
	2	Já, talsvert	
	9	Á ekki við (dálkur 214 = 0, 9, óútfyllt)	
	óútfyllt	Ekkert svar	

Dálkur	Kóði	Lýsing	Síð/athugasemdir
218/219	00	<i>Fjöldi daga frá vinnu síðastliðna 12 mánuði vegna alvarlegustu meinsemdarinnar sem orsakaðist af eða versnaði við vinnu</i>	Dálkur 214 = 1-2
	01	Einstaklingurinn hefur ekki verið við vinnu síðastliðna 12 mánuði en vegna ástæðna sem tengjast ekki meinsemdinni sem orsakaðist af eða versnaði við vinnu (t.d. venjulegur eftirlaunaaldur)	
	02	Gerir ekki ráð fyrir að vinna aftur sökum þessara veikinda	
	03	Styttra en einn dagur eða ekkert frí	
	04	A.m.k. einn dagur en færri en fjórir dagar	
	05	A.m.k. fjórir dagar en skemur en tvær vikur	
	06	A.m.k. tvær vikur en styttra en einn mánuður	
	07	A.m.k. einn mánuður en skemur en þrjú mánuðir	
	08	A.m.k. þrjú mánuðir en skemur en sex mánuðir	
	09	A.m.k. sex mánuðir en skemur en níu mánuðir	
	99	A.m.k. níu mánuðir	
	óútfyllt	Á ekki við (dálkur 214 = 0, 9, óútfyllt) Ekkert svar	
220		<i>Starf sem olli meinsemdinni eða því að hún versnaði (kóði sem á fyrst við)</i>	Dlk. 214 = 1-2 og (dlk. 85/88 er ekki meira en átta árum áður en viðtalið fer fram)
	1	Aðalstarf (fyrsta)	
	2	Annað starf (núverandi)	
	3	Síðasta starf (einstaklingur er ekki í vinnu)	
	4	Starf fyrir ári	
	5	Önnur störf	
	9	Á ekki við (dálkur 214 = 0, 9, óútfyllt)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
VINNUÞÆTTIR SEM GETA HAFT NEIKVÆÐ ÁHRIF Á ANDLEGA VELLÍÐAN EÐA LÍKAMLEGT HEILBRIGÐI			
221		<i>Hefur einstaklingurinn verið óvarinn gegn tilteknum þáttum á vinnustað sem geta haft slæm áhrif á andlega vellíðan hans</i>	Dálkur 24 = 1, 2
	0	Nei	
	1	Já, aðallega gegn áreitni eða einelti	
	2	Já, aðallega gegn ofbeldi eða hótunum um ofbeldi	
	3	Já, aðallega gegn því að vera í tímaþröng eða hafa of mörg verkefni	
	9	Á ekki við (dálkur 24 = 3-9)	
	óútfyllt	Ekkert svar	
222		<i>Hefur einstaklingurinn verið óvarinn gegn tilteknum þáttum á vinnustað sem geta haft slæm áhrif á líkamlegt heilbrigði hans</i>	Dálkur 24 = 1, 2
	0	Nei	
	1	Já, aðallega gegn íðefnum, ryki, gufum, reyk eða lofttegundum	
	2	Já, aðallega gegn hávaða eða titringi	
	3	Já, aðallega gegn því að þurfa að vera í erfiðum vinnustellingum, beita erfiðum hreyfingum við vinnu eða við að lyfta þungum hlutum	
	4	Já, aðallega gegn slyshættu	
	9	Á ekki við (dálkur 24 = 3-9)	
	óútfyllt	Ekkert svar	